

SIGMUND FREUD OG ÞÝÐING DRAUMARANNSÓKNA

I

Það hefir oft verið reynt — og einnig hér á landi, í minningargrein eftir magister Ármann Halldórsson í Alþýðublaðinu 6. okt. sl. — að telja mönnum trú um að prófessor Sigmund Freud, sem láttinn er fyrir skömmu 83. ára að aldri, hafi verið einn af allra fremstu skörungum vísindanna. En ég hygg því fjarri fara. Það eru þá ekki til falsvísindi (pseudopisteme, pseudoscience) ef ekki er rétt að nefna þannig mikið af því sem Freud kenndi.

Freud var ekki síst frægur fyrir rannsóknir sínar á draumum, og hafa á síðari árum, fáir um það efni ritaoð án þess að láta hans getið. Um draumakenningar Freuds er ég vel fær að dæma, því að þar ræðir um það sem hefir verið rannsóknarefni mitt í meir en 37 ár. Segi ég það hiklaust, að Freud hefir einmitt ekki uppgötvað eðli draumlífsins. Eitt aðalatriði í kenningum hans um þetta efni er, að í draumi veiti maðurinn sér það sem hann þráir, en getur ekki veitt sér í vöku (Wunschtraum). En þetta er fjarstæða, eins og vel kemur í ljós þegar menn hafa skilið hversu mjög draumlíf manna skapast af áhrifum frá öðrum. Ég hefi nefnt þetta stillilögþálið: Law of determinants. En engum er meiri nauðsyn á að þekkja það lögþálið en einmitt þeim sem vilja nota það, sem prófessor Ág. H. Bjarnason hefir heppilega nefnt sálgrennslan, og þá einkum draumagrennslan, til lækninga. Það er óhætt að segja, að sú tegund lækninga getur ekki komist á vísindastigið fyrr en mönnum er kunnugt orðið um stilliáhrif læknisins á sjúklinginn.

II

Pó að Freud og lærisveinar hans geri mikið úr þýðingu draumarannsókna, þá er þýðing þeirra rannsókna ákaflega

miklu meiri, djúptækari og háleitari en hægt er að láta sér til hugar koma meðan menn þekkja ekki undirstöðueðli draumlífsins. En til þess að skilja það, varð að fara sannvínsindalegar að, en gert hafði verið áður í þessum efnum. Þegar rétt er að farið, kemur í ljós sambandseðli draumlífsins, sem er svo furðulegt, að í svefni getur komist á samband milli lífsins í alheimi, frá stjörnu til stjörnu. En allar hugmyndir um líf, sem ekki sé tengt við líkama (organismus), eða með öðrum orðum, líf á einhverri stjörnu, eru gersamlega óvínsindalegar. Skilningurinn á eðli draumlífsins er hin ómissandi hjálp til að skilja hinn undursamlega tilgang lífsins. En hann er så, að verða fullkomlega samstilt heild, sem leggur undir sig alheiminn getur fært sér í nyt alla möguleika tilverunnar til góðs, en sigrast á öllum þeim möguleikum sem eru til ills. En að segja, eins og nú er gert svo oft, að tilveran sé nú þegar ein samstilt heild, er óvit og fjarstæða, og sprettur af því, að menn hafa ekki hugleitt nægilega það sem jarðfræðin og líffræðin kenna oss um hina merkilegu viðleitni lífeindanna á að skapa æ víðtækari lífsambönd og hversu sú viðleitni hefir enn mistekist. Hér á jörðu er ennþá aðeins að ræða um ófullkomna tilraun til lífs, sem hin mesta hætta er á, að mistakist þannig með öllu, að ekki sé viðreisnar von.

III

Tveir Gyðingar, Sigmund Freud og Albert Einstein, eru af mörgum taldir fremstu vísindamenn vorra tíma, og af ýmsum Freud þó fremri. Um verk Einsteins kann ég ekki að dæma, en því betur um það sem mestu máli skiptir í verki Freuds, eins og áður var á vikið. Og þó að ég hafi ekki þá stærðfræðiþekkingu sem þarf til að dæma um það hvað áunnist kunni að hafa með rannsóknum Einsteins, þá kann ég vel að sjá hvað ekki hefir og ekki getur áunnist með sliku verki, og þó er hin mesta nauðsyn á að vinna, ef koma skal vísindunum fullkomlega í framfarahorfið. Það er þegar séð, að hin gyðinglega forusta á vísindasviðinu dugar ekki til þess að réttu takmarki verði náð. Mínar rannsóknir, mína tilraun til að átta mig á tilverunni er norrænasta tilraunin af

því tagi, sem gerð hefir verið. Með henni og ekki fyrr en með henni, er til fulls haldið áfram af heimsfræðitilraun spekinganna grísku á 6. og 5. öld f. Kr. Með þessari tilraun, sem gerð hefir verið við svo erfiðar ástæður og daufar undirtektir, er fyrst til fulls hafin norræn forusta í vísindum jarðar vorrar. Og að vísu má vel skilja, ef rétt er metið það sem Íslendingar hafa þegar lagt til heimsmenningarinnar, að sú tilraun mundi einmitt á Íslandi hafin verða.

IV

Vitrir menn — sem ekki telja alveg sjálfsagt að neita að taka hér á viti sínu, af því að landi þeirra á í hlut — munu auðveldlega geta gert sér ljóst, að það er ekkert markleysatal sem ég er að fara með. Til þess að skilja það nægir að líta á, hvernig ég hefi í rannsóknum mínum sameinað sálufræði, líffræði og heimsfræði. Og það má bæta jarðfræðinni við, minni uppáhaldsvísindagrein. Ég hefi sýnt alveg nægilega, hverjum þeim sem vit hefir og vill skilja, hvernig drauma-rannsóknin getur orðið leið til að rannsaka alheiminn og lífið í alheimi. Og ennfremur, hvernig með því að skilja eðli draumlífsins er fundinn lykill að gátu, sem margir ágætir vísindamenn — og þeirra á meðal prófessor William McDougall sem mag. Ármann Halldórsson nefnir í grein sinni „núlifandi“, þó að hann dæi raunar nokkru á undan Freud — hafa reynt sig við árangurslaust. Og það sýnir alveg nægilega hversu fjarri því fer, að Sigmund Freud hafi uppgötvað hið sanna eðli drauma, að hann var sannfærður um, að allur átrúnaður spíritista væri hégóminn einber. Þó hefi ég séð þess getið, að hann hafi á síðustu árum æfi sinnar verið horfinn frá því að neita, að hugsanaflutningur (Telepati) geti átt sér stað.